



## Faghópur IV

**Fundargerð 12. fundar, Orkustofnun 2. nóv. 2009, kl. 12:30**

**Mættir:** Guðmundur Þóroddsson, Guðni A. Jóhannesson, Jakob Sigurður Friðriksson, Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur á Orkustofnun.

**Forföll:** Agnar Olsen

1. **Fundargerð** síðasta fundar var samþykkt. .
2. **Raflínur og tengivirki.** Lagt var fram kort þar sem fram koma raflínur frá einstökum virkjunarkostum að næsta tengivirki (oftast bein loftlína en landslagi fylgt þar sem augljósar hindranir koma fram). Sú útfærsla mun liggja til grundvallar útreiknings á hagkvæmni hvers virkjunarkosts. Samþykkt var að útbúa annað kort þar sem klasi virkjunarkosta verður samtengdur með einni sameigilegri línu í næsta tengivirki og sú útfærsla lögð fyrir aðra faghópa..
3. **Útreikningur á hagkvæmni tenginga.** Ómar lagði fram minnisblað yfir kostnaðareiningar vegna tenginga við raflínukerfi og gaf upp gróflega áætlaðar upphæðir pr. km. fyrir 66kV jarðstreng, loftlínur fyrir 231 kV, 220kV og 400 kV spennu og tengivirki. (Sjá minnisblað Ómars með fundargerð á vinnusvæði heimasíðu.) Til að tryggja samkvæmni í hagkvæmniútreikningi tengikostnaðar skal miða við að hver virkjunarkostur tengist sjálfstætt í næsta tengivirki.
4. **Mat á stærð vinnanlegra jarðhitakerfa.** Jónas Ketilsson lagði fram minnisblað um aðferðafræði við mat á stærð vinnanlegra jarðhitakerfa. (Sjá minnisblaðið með fundargerð á vinnusvæði heimasíðu.) Megin forsendur verði að miða við útbreiðslu háviðnámskjarna og við vinnslugetu í 50 ár. Lögð voru fram drög að stærðum svæðanna í km<sup>2</sup> og einnig voru gefnir upp gamlir “aðgengisstuðlar” sem gefa eiga til kynna hversu aðgengileg vinnslusvæðin eru, t.d. gagnvart samgöngum. Ákveðið var að endurskoða þessa stuðla frá grunni enda hafa aðstæður breyst mjög. Kemur til greina að fella þá út úr útreikningum þar sem þetta mat er í höndum annarra faghópa. Umræður spunnust um skilgreiningu á sjálfbærni jarðhitasvæða. Ákveðið var að Jónas héldi sínu striki.
5. **Næsti fundur.** Ekki var ákveðin dagsetning næsta fundar.

